

## 4. gr.

*Reiknireglur.*

Við núvirðisútreikning eingreiðslu samkvæmt 1. mgr. 2. gr. skal miða við dánartíðni áráanna 1996-2000 og 6% vexti á ári. Miða skal við tryggingaaldur hins slasaða (aldur í heilum árum). Við útreikning vaxta skulu taldir 30 dagar í hverjum mánuði og 360 dagar í ári. Vextir skulu höfuðstólsfærðir á tólf mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

## 5. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með stöð í 5. mgr. 29. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Reglurnar gilda um slys sem eiga sér stað 1. janúar 2002 eða síðar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

**SAMÞYKKT****um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyri nr. 483/1996.**

## 1. gr.

Á eftir 4. mgr. 29. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Á veitingastað með reglubundna skemmtistarfsemi þar sem heimilt er að sýna nektardans (næturlúbbar), er lagt bann við hvers konar einkasýningum og einkadansi. Dansatriði skulu einungis fara fram á einu afmörkuðu svæði í veitingasal þar sem tryggt er að fjarlægð milli dansara og áhorfenda sé a.m.k. 4 metrar. Dönsurum er óheimilt að fara um á meðal áhorfenda.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarbæjar, hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1998, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júlí 2002.*

F. h. r.

**Stefán Eiríksson.**

*Jón Þór Ólason.*